



## Menningar- og fegrunarnefnd 7. júlí 2008

17. Fundur menningar- og fegrunarnefndar Blönduósbæjar var haldin mánudaginn 7. júlí 2008 kl.18.00 á Pottinum og pönnunni. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Þórhallur Barðarson, formaður setti fundi og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Umhverfisviðurkenning 2008.
2. Húnavaka
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Farið var yfir ábendingar frá starfsfólki Íslandspósts vegna vals á fegursta garðinum og mun nefndin fara í garðaskoðun í framhaldi af því og taka ákvörðun um fegursta garðinn 2008. Margar ábendingar bárust.
2. Sýning gamalla ljósmynda frá Blönduósi verður sett upp á Pottinum og pönnunni. Að upplagi verða notuð ljósmyndaspjöld sem Kolbrún Zophoníasardóttir, Jón Ingi Einarsson og Benedikt Blöndal útbjuggu og sýndu á 10 ára afmæli Blönduósbæjar 1998. Undirbúningur Húnavöku er í fullum gangi og gengur vel.
3. Önnur mál voru engin.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 22.30

Þórhallur Barðason

Sigurlaug Markúsdóttir